

verzlunar og ólöglegra lækninga, kyrsett», og en segir svo: «Samkvæmt því sem komið er fram kyrsetti dómariinn vínföng þau og meðöl, er talin eru að framan undir tölulíðnum 1—2 og 9—16».

Það er nú á þessari bókun, að stefndi hefur byggt skaðabótamál sitt gegn áfrýjendunum sem gjörðarbeiðendum. En með því öll meðferð dómarsins á kyrsetningarmáli þessu 31. ág. f. á. er þannig löguð og lýsir því berlega, að hann sem lögreglustjóri eða lögregludómari lagði hald bæði á vínföngin og meðölin, og með því áfrýjendurnir eigi heldur á slíku lögreglupingi gátu komið fram sem gjörðarbeiðendur í orðsins rjetta skilningi, eða þannig, að þeir hefðu nokkra ábyrgð á því, er dómariinn þar þá gjörði, ber að dæma þá sýkna af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjendurnir, hjeraðslæknir J. Jónassen og lyfsali N. S. Krüger, eiga að vera sýknir af kærnum og kröfum stefnda, síra Jakobs Guðmundssonar, í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Mánudaginn 30. júnímán.

Nr. 9/1879

Borgari E. Egilsson  
gegn

Kaupmanni H. Th. A. Thomsen.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 8. ágústmán. f. á., höfðaði H. Th. A. Thomsen, kaupmaður í Reykjavík, mál gegn Egli Egilsson, borgara samastaðar, til sekta, skaðabóta

og málskostnaðar útláta fyrir það, að Egilson 31. júlímán. næst á undan hefði farið með 4 mönnum inn á lóð hans að laxakistum hans í Elliðaánum, og þrátt fyrir forboð hans mælt kisturnar og þannig raskað þar friði og gjört árás á eignarrjettinn og skaða á laxveiðinni, að Egilson í þetta sinn hefði við haft hótunaryrði bæði um laxveiðina og við þann mann, er af Thomsens hendi hafði umboð til að fyrirbjóða allt það, er veiðifriðnum gæti raskað, og loks, að Egilson daginn eftir hefði í forboði Thomsens farið út af alfaravegi og inn á Thomsens eign, Elliðaárhólmana, án lögmæts erindis, og kallað Thomsen meðal annars «varg», þegar hann skipaði Egilson burt af sinni lóð. Egilson höfðaði aptur gagnsóknarmál á hendur Thomsen og krafðizt, að hann yrði dæmdur í sektir eða fangelsi og í málskostnað fyrir það, að hann 1. ágúst f. á. hefði látið 2 vopnaða þjóna sitja fyrir sjer (Egilson) á alfaravegi í Elliðaárhólmunum, sem hefðu átt að vörja honum að komast að yfirvaldinu, sem þá hefði verið staddur þar og hefði tilsagt honum að mæta, og að Thomsen síðan hefði barið hann (Egilson) með báðum höndum með digurri reyrstöng yfir mjóhrygginn eftir fyrst að hafa stjakað honum og hrundið fram og aptur með hnippingum og hótunum og margítrekuðum skipunum til þjónanna að berja hann, og þannig með ofbeldi, höggum og slögum bægt honum frá að gæta rjettar síns við opinbera gjörð, er þar fór fram, hvar hann var rjettur málsaðili, svo hafi Thomsen loks í sáttakæru sinni og undirrjettarstefnu borið á hann ósannar sakir og bríxl við yfirvöldin.

Með dómi þeim, er upp var kveðinn í máli þessu fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur 12. desembermán. f. á., er Egilson dæmdur í 20 kr. sekt til fátækra-sjóðs Reykjavíkur og til að greiða aðalsækjandanum



málskostnað með 15 krónum, en málspartarnir að öðru leyti dæmdir sýknir hver af annars kærnum og kröfum. Þessum dómi hefur Egilson áfrýjað til landsyfrrjettarins með stefnu, dagsettri 23. apríl þ. á., og krafizt, að verða dæmdur sýkn af kærnum og kröfum hins stefnda í þessu máli, en hann dæmdan í hæfilegar sektir eða fangelsi og til að borga allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað fyrir báðum rjettum eptir mati rjettarins. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að undirrjettardómurinn verði staðfestur.

Áfrýjandinn hefur neitað því, að hann 31. júlí f. á. hafi brotizt að laxakistum hins stefnda í forboði hans og mælt þær, og sömuleiðis, að hann hafi haft nein hótunaryrði í frammi við varðmanninn, eða yfir höfuð gjört þar neinn ófrið eða skaða á laxveiðinni, og þá neitun sína hefur hann sannað með framburði tveggja vitna, svo að sakaráburður hins stefnda gegn áfrýjandanum út af tiltektum hans við þetta tækifæri, sem að eins hefur vitnisburð eins vitnis við að styðjast, ekki verður tekinn til greina, þar hann er ósannaður. Að því er aptur snertir viðureign málspartanna daginn eptir, þá virðist áfrýjandinn að vísu hafa haft nokkra átillu til að álíta sjer heimilt að fara inn á eign hins stefnda, Elliðaárhólmana, en hinsvegar hafði hinn stefndi, eins og á stóð, fulla heimild til að banna honum það og varna honum þess með valdi, þegar hann ekki vildi láta að orðum hins stefnda, því að áfrýjandinn hefur ekki sannað, að hann hafi verið kvaddur til að vera viðstaddur við sköðunargjörð þá, sem þar fór fram að tilhlutun háyfirvaldsins, eður að hann hafi haft annað löglegt erindi, heldur að eins að honum sem uppljóstrarmanni hafi verið tilkynnt, að gjörðin ætti fram að fara. Að öðru leyti virðist það, er farið hefur málspartanna á

milli þenna dag, eptir því sem fram er komið í málinu, sbr. 41. gr. og grundvallarregluna í 221. gr. hegningarlaganna, ekki vera þess eðlis, að það geti varðað þá hegningu, eins og ekki heldur verður sjeð, að um neinn skaða sje að ræða, er bætur ættu fyrir að koma. Samkvæmt þessu ber að dæma málspartana sýkna hvorn af annars kröfum í þessu máli, og hlýtur þá einnig málskostnaður fyrir báðum rjettum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Egill borgari Egilson, og hinn stefndi, H. Th. A. Thomsen kaupmaður, eiga að vera sýknir hvor af annars kærnum og kröfum í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Mánudaginn 28. júlímán.

Nr. 11/1879:

Rjettvísinn

gegn

Sigurði söðlasmið Jónssyni

D ó m u r :

Í máli þessu, sem höfðað er að boði amtmannsins í suður- og vesturamtinu gegn Sigurði söðlasmið Jónssyni á Haukagili í Mýrasýslu út af því, að hann hafi haft um hönd skottulækningar og óleyfilega með-  
 alasölu, er það sannað með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, að hann hafi látið úti til ýmsra manna homöopathisk meðöl og sagt fyrir um brúkun þeirra, og þykist hann á þenna hátt hafa læknað marga sjúkdóma bæði innvortis og útvortis. Undirdómarinn hefur álitid, að hinn ákærði, sem ekki hefur leyst af hendi opinbert